

Hlutverk og skyldur foreldra

Á Íslandi er skólaskylda barna frá aldrinum 6 til 16 ára. Nemendum er skylt að mæta í skóla samkvæmt skóladagatali. Foreldrar verða að láta vita ef nemandi getur ekki mætt í skólann af einhverjum ástæðum.

Vinsamlegast tilkynnið forföll á netfangið:

fridheimar@haaleitisskoli.is

Íslenskt veður

Það er mjög mikilvægt að börn komi klædd eftir veðri. Veðrið á Íslandi er margbreytilegt og getur breyst mjög snögglega. Börnin eiga að vera í hlýjum og regnheldum skóm og yfirhöfnum.

Það er gott að fylgjast með veðurspá fyrir næsta dag t.d. vedur.is eða yr.no

Mikilvæg símanúmer

Friðheimar 4203097

Háaleitisskóli 4203050

Netfang Friðheima

fridheimar@haaleitisskoli.is

Skóladagatal

Á heimasíðu skólans er yfirlit yfir starfsemi skólaársins. Þar kemur t.d. fram hvenær eru starfsdagar, skertir nemendadagar, vetrarfrí o.fl.

<https://haaleitisskoli.reykjanesbaer.is/media/6/skoladagatal-2025-2026.pdf>

Háaleitisskóli - Friðheimar

Breiðbraut 645

Sími 4203050

haaleitisskoli.reykjanesbaer.is

VELKOMIN Í HÁALEITISSKÓLA

Friðheimar

Upplýsingar til foreldra



Friðheimar

Friðheimar er námsúrræði fyrir börn sem eru að byrja í skóla á Íslandi.

Í Friðheimum starfa kennarar, almennir starfsmenn, verkefnastjóri og deildastjóri sem sjá um skipulag náms og funda með nemendum og aðstandendum.

Áður en nemendur hefja nám í Friðheimum er þeim boðið í móttökuviðtal ásamt foreldrum. Eftir móttökuviðtalið er lagt fyrir nemanda stöðumat í stærðfræði og læsi. Markmiðið með stöðumatinu er að fá sem besta mynd af stöðu nemandans og geta lagað kennsluna að þörfum og þekkingargrunni hans. Eftir stöðumatið fær nemandi upplýsingar um skólabyrjun.

Skólahjúkrunarfræðingur

Skólahjúkrunarfræðingur er Kathy og er hún með móttöku á mánudögum, miðvikudögum og föstudögum frá kl. 9:00 – 14:00. Hún er staðsett í Háaleitisskóla.

Námið

Lögð verður áhersla á íslensku, stærðfræði, lífsleikni, félagsfærni, upplýsingatækni, list- og verkgreinar ásamt hreyfingu.

Hver nemandi fær aðlagaða stundatöflu. Hann tilheyrir bekk í Háaleitisskóla og fer með bekknum í íþróttir, sund og valdar list- og verkgreinar.

Símar

Símar eru ekki leyfðir á skólatíma. Ef nemandur koma með síma í skólann verður að taka hjóðið af honum og hann geymdur í símaskúffu sem tilheyrir hópunum.



Nesti og hádegismatur

Allir nemendur fá heitan mat í hádeginu.

Ef það eru sérþarfir, ofnæmi eða af trúar ástæðum, þarf að láta verkefnastjóra/ deildarstjóra vita af því.

Matseðill er á netfanginu:

<https://www.skolamatur.is/matsedill?school=105>

Ef nemandi vill ekki hádegismatinn sem er í boði þá þarf hann að koma með nesti að heiman.

Sætindi og sykraðir drykkir eru ekki leyfðir í skólanum.

